



Fréttabréf

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Október 2013

Frá 2. fundi foreldrafélagsins 30. Okt. 2013

- Mættir; Linda Björk Sigurðadóttir, Hanna Rut Samúelsdóttir, Aðalbjörg Skúladóttir, Inga Dóra Ragnarsdóttir og Óskar Gunnarsson. Fjarverandi Ægir Sigurðsson og Álfheiður Tryggvadóttir.
- Fundastjóri Linda Björk og fundaritari Óskar.
- Fyrsta mál var að finna varamann til setu sem áheyrnafulltrúa fræðslunefndar Árborgar sem Þorsteinn fræðslustjóri hafði falið stjórn að finna. Samþykkt var að Hanna Rut tæki að sér að vera varamaður til að byrja með.
- Fundarmenn fræddu aðra stjórnarmeðlimi um það sem fram fór á áhugaverðum fundi fulltrúa allra skóla með Þorsteini fræðslustjóra.
- Annað mál var gjöf foreldrafélagsins til skólans og var samþykkt að kaupa nýtt borðtennisborð.
- Rætt var um að halda foreldraþing þar sem foreldrar Sunnulækjar, Vallarskóla og BES héldu almennan fræðslufund, stefnt er að halda slíkt foreldraþing um miðjan nóvember.
- Komið var inn á foreldrarölt en ekki hefur náðst að ýta því úr vör, umræður voru hvort það væri eitthvað úrelt og ekki voru fundarmenn tilbúnir að gefa það upp á bátinn.
- Linda Björk upplýsti um áhugaverðan fund sem hún sótti þar sem kynnt var átak frá Menntamálaráðuneytinu um kynningu á fag og iðnnámi.
- Upplýst var af gjaldkera að árgjald foreldrafélagsins er komið í heimabankana og byrjað er að týnast inn, skil sem er mjög ánægjulegt.
- Tenglastarf virðist vera farið vel af stað
- Næsti fundur ákveðin 20.01.2014 kl 16:30
- Fundi slitið kl 18:30



Minnum á Facebook síðuna



Markmiðið er að auðvelda samskiptin á milli foreldra og minnka vinnu við að uppfæra heimasíðu félagsins.

Upplýsingar eins og lög, skólaráð, o.fl eru vistaðar sem glósur. Einnig hafa verið settir inn viðburðir og fréttabréf frá síðasta skólaári.

Auðveldara verður að koma ábendingum til okkur eða opna fyrir umræður. Munum svo bara að vera til fyrirmyndar í samskiptum á þessum vinsæla samskiptamiðli.

Facebooksíðan er opin öllum hvort sem þeir eru facebook-meðlimir eða ekki.

Árgjald

Innheimtukröfur vegna árgjalda í foreldrafélagið hafa nú verið stofnaðar og eiga að sjást í heimabönkum foreldra. Árgjaldið er 1000kr. á heimili og er hér um frjáls framlög að ræða. Ef seðlarnir eru ekki greiddir falla þeir úr gildi eftir ákveðinn tíma. Þessir seðlar eru sendir út einu sinni á ári. Takk fyrir stuðninginn.

